



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 13/2017

Drög að reglum um breytingu á reglum um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 25. ágúst 2017 nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.
Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

10. júlí 2017

REGLUR

um breytingu á reglum um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, nr. 505/2017.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. bætist nýr töluliður og verður 6. töluliður, svohljóðandi:

6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1702 frá 18. ágúst 2016, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. mgr. 3. gr.:

a. Í stað orðanna „og 2016/428“ kemur „, 2016/428 og 2016/1702“.

b. Við bætist nýr töluliður og verður 6. töluliður, svohljóðandi:

6. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465401066273&uri=CELEX:32015R1555>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 263, þann 29. september 2016, bls. 1-513.

3. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í a-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. september 2017.